

Ef nemandi þarf að fara í sóttkví eða einangrun vegna COVID er mikilvægt að tilkynna það til skólans. Forráðamenn geta skráð veikindin/sóttkví í gegnum INNU og skráð í athugasemd hversu lengi sóttkvíin á að vara, eða sent póst á [afgreidsla@ma.is](mailto:afgreidsla@ma.is). Líkt og um önnur veikindi eða lengri fjarveru er **mjög mikilvægt** að nemandi setji sig í samband við kennara sína varðandi námið.

#### Ráðstafanir vegna COVID

- borðum er raðað í stofur þannig að hægt sé að hafa 1 m milli nemenda
- spritt er í hverri stofu og sprittstöðvar á göngum
- skylda er að nota grímur á göngum og í sameiginlegum rýmum
- heimilt er að taka grímur niður í kennslustundum ef fjarlægðarmörk eru tryggð
- skólinn verður vel þrífinn og sérstök áhersla lögð á sameiginlega snertifleti. Borð, snyrtingar og snertifletir sótthreinsað 1 x á dag
- til að koma í veg fyrir mikið flæði um skólann verða bekkir í heimastofum
- íþróttir verða að miklu leyti stundaðar utanhúss til að byrja með
- nemendur og starfsfólk heldur sig heima ef það finnur fyrir veikindaeinkennum. Best er að veikindi (og sóttkví) séu skráð beint á INNU en einnig er hægt að senda póst á [afgreidsla@ma.is](mailto:afgreidsla@ma.is)
- skipulagið verður uppfært jafnóðum og sóttvarnarreglur breytast